

A close-up photograph of a blue fish, possibly a wrasse, with striking purple eyes and a red gill cover. The fish is positioned in the lower-left quadrant of the frame, surrounded by large, yellowish-green seaweed leaves. The background is a dense thicket of similar seaweed, creating a textured, natural habitat. The lighting is bright, highlighting the fish's scales and the vibrant colors of its eyes and gills.

**Landssamband smábátaeigenda**

**2010 - 2011**



# 27. aðalfundur LS 13. og 14. október 2011

Skýrsla framkvæmdastjóra  
Setningarræða formanns  
Ályktanir fundarins





# Efnisyfirlit

Skýrsla Arnar Pálssonar framkvæmdastjóra Landssambands smábátæigenda	6
Arthur Bogason - Ræða á 27. aðalfundi Landssambands smábátæigenda október 2011	15
Samþykktir 27. aðalfundar Landssambands smábátæigenda október 2011	18
Stjórn Landssambands smábátæigenda 2011 - 2012	27

Landssamband smábátæigenda  
Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík  
Sími: 552 7922  
Fax: 562 6590  
Netfang: [ls@smabatar.is](mailto:ls@smabatar.is)  
[www.smabatar.is](http://www.smabatar.is)





## Örn Pálsson Skýrsla framkvæmdastjóra

27. aðalfundur  
Landssambands smábátæigenda  
13. og 14. október 2011

Ráðherra, alþingismenn,  
ágætu aðalfundarfulltrúar og gestir!

Á fundum með félagsmönnum á undanförunum vikum hef ég greint meiri bið en oft áður. Beðið og spurt er hvað er á döfinni. Hvað gerist næst? Verðum við sviptir veiðiréttinum með einu pennastriki, verður hann skertur hægt og rólega, við hverju getum við búist, verður þetta kannski allt í lagi?

Umræðunni kastað á dreif - slett í góm og út úr lekur:  
„haldið áfram að róa“.

Hér er ekki einfalt mál á ferðinni og því rétt að staldra við það.

Smábátæigendur hafa eins og aðrir útgerðarmenn tryggt atvinnu sína með veiðirétti sem veitir þeim árlega veiðiheimildir í hlutfalli við rétt þeirra í hverri tegund. Engan þarf að undra að þeir séu ráðvilltir þegar þeir standa frammi fyrir frumvarpi sem skerðir þessi réttindi og getur í sumum tilfellum orðið til þess að þeir þurfa að hverfa frá atvinnu sinni vegna skilyrða sem sett eru og þeir sjá sér ekki fært að uppfylla.

Smábátæigendur eru tilbúnir að afsala sér eignarétti eða öllu tilkalli til hans á auðlindinni. Þeir telja að hún sé í eigu þjóðarinnar en veiðirétturinn sé í þeirra höndum. Skerpa ætti á þessum skilningi þar sem þjóðin gerir við þá samkomulag um nýtingu á auðlindinni með veiðum.

Þannig yrðu réttindi hvers og eins tryggð og þar með að þjóðin nyti arðs af frá þeim, sem geta og kunna hvað best að ganga með ábyrgum hætti um auðlindina.

Í öllum þingflokkum eru aðilar sem eru reiðubúnir að ganga til þessa verks. Hér með hvet ég ráðherra til að leggja fram frumvarp sem klárar þetta verkefni hið fyrsta, enda hér um grundvallarbreytingu að ræða sem ekki er rétt að sameina við umfjöllun um breytingar á leikreglum innan kerfisins.

Með þessum orðum er alls ekki verið að hafna því að þar þurfi engar breytingar að gera, en ég legg áherslu á að þær verði láttnar bíða þar til þetta mál er frá.

Smábátæigendur leggja mestu áherslu á að veiðirétturinn verði nýttur með mestri hagkvæmni fyrir jafnt rétthafa og þjóðina.

- Framsal verði án hindrana innan veiðikerfa
- Framsal verði án hindrana frá stærri skipum til minni úr aflamarki í krókaafلامark
- Ívilnun nái til allra dagróðrabáta
- Ónýttur ufsi fyrra fiskveiðiárs verði veiddur á handfæri á yfirstandandi fiskveiðiári
- Veiðiheimildir til strandveiða verði viðbót við ákvörðun um heildarafla

## Ágætu fundarmenn

Það hefur nú hent eftir 26 ára starf Landssambands smábátæigenda að nokkrir félagsmenn telja sig betur komna utan félagsins. Það er miður. Skoðanir þessara manna ber hins vegar að virða og sendir spurningar til LS hvort útgangan eigi rætur sínar í óánægju með félagið. Nefnt er:

- LS vinnur gegn strandveiðum
- LS vill ekki mæla með stækkun krókaafلامarksbáta upp fyrir 15 brt.
- LS hefur ekki náð viðunandi árangri varðandi línuívilnun
- Félagsgjöld til LS eru of há og tryggja þarf lágmarksgreiðslur

Lítum nú nánar á þetta.

### • LS vinnur gegn strandveiðum

Fyrir það fyrsta get ég fullyrt að einu stuðningsmenn strandveiða af þeim sjö hagsmunasamtökum sem sjávarútvegurinn telur er Landssamband smábátæigenda og Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda. LS styður strandveiðar af fullum þunga og stendur þétt við hagsmuni strandveiðimanna. Félagið fagnaði því sérstaklega þegar Alþingi samþykkti lögfestingu strandveiða í maí 2010. Félagið hefur brugðist við gagnrýnisröddum á kerfið með að mótmæla og leiðrétta rangfærslur, en taka til hendinni þar sem hægt er að gera betur. Má þar nefna námskeið MATÍS þar sem yfirskrifin er

### • „Gerum góðan fisk enn betri“

Þá hefur LS reynt að halda veiðikerfinu utan við græðgisvæðinguna og flutt tillögu sem hefur í för með sér fleiri daga.

Haldið verður áfram með námskeiðin, kerfið verði ætlað fyrir eigendur handfærabáta sem róa sjálfir, hægt verði að segja sig frá strandveiðum í lok hvers tímabils.

### • Stærri krókaafلامarksbátar

Stærri bátar öflugra Landssamband smábátæigenda, er samasem merki þar á milli? Bent hefur verið á - einkum af grasrótinni - að LS þurfi að halda góðri tengingu við uppruna sinn. Aðrir segja það lið í þróuninni að stækka bátana. Grasrótin segir á móti; að með því mundu aflaheimildir færast á enn færri báta og það viljum við ekki. Stækkunarsinnar benda á að hægt

sé að koma til móts við þau sjónarmið með að stækkun loki fyrir færslu krókaafلامarks og krókaafلامahlutdeildar til þeirra. Kannski er þarna komin sáttaleið sem ég bið ykkur kærufélagsmenn að veita athygli.

### • LS hefur ekki náð viðunandi árangri varðandi línuívilnun

Í fyrsta lagi var það Landssamband smábátæigenda sem náði að skapa grundvöll fyrir línuívilnun. Dregið hafði stórlega úr línuveiðum í kjölfarið á afnámi línutvöföldunar - stjórnvöld höfðu skilning á að mikill kostnaður hefur lagst á áður en línubátur leggur úr höfn með 30 nýbeitta bala. Þau höfðu einnig fullan skilning á að mesta eftirspurn fiskkaupenda væri í spriklandi línufisk. Línuívilnun var tekin upp. Nánast samtímis kom inn í LS bátur sem þurfti ekki að kaupa sér beitningu - fundin hafði verið upp vél fyrir smábáta til að annast verkið. Frumkvöðlinum gekk vel og sagðist í spjalli vilja benda á að hann veitti tvisvar sinnum fleiri sjómönnum atvinnu en áður en hann byrjaði með vélina. Þá hefði hann í raun gefist upp á að fá menn til að beita. Annar benti á að honum hefði verið nauðugur einn kostur þar sem meðalaldur beitningamanna væri 72 ár og enginn í þorpinu sjáanlegur til að vilja vinna þessa vinnu.

Við útreikninga kom í ljós að allt var á pari, vélabátum fjölgaði. Menn voru tvístígandi. Þegar svo línuívilnun var aukin í 20% töldu vélamenn að hallað væri á þeirra hlut. Raddir gerðust háværar. LS beitti sér af fullum krafti og 3,5 - 4% ívilnun til vélabáta var innan seilingar. Neikvæð afstaða til annars máls kom hins vegar í veg fyrir breytingu.

Hér verður ekki látið staðar numið - áfram verður haldið að tala fyrir kostum línuívilnunar og þá eins og ég kom hér inn á áðan, ívilnun til dagróðrabáta. Ívilnun til umhverfsvænna veiða og aukinna verðmætasköpunar. Ívilnun til þeirra sem skila dýrasta fiskinum í land. Þjóðarinnar vegna sem státað getur að því að hér á landi sé hærra hlutfall þorsks, ýsu og steinbíts veitt í kyrrstæð veiðarfæri. Meðvitað hafi þessi stefna verið tekin til að skýra betur og fastar að Íslendingar ganga um auðlind sína með sjálfbærum hætti og eru staðráðnir í að skila þessum stofnum sterkum til komandi kynslóða.

Þá verður að segjast eins og er að eitt af því sem efnahagshrunið 3. október 2008 leiddi yfir okkur var atvinnuleysisbölið. Afli til línuívilnunar á sl. fiskveiðiári gaf af sér tæp 300 ársverk til beitningar.

- Félagsgjöld til LS eru of há og tryggja þarf lágmarks-greiðslur

Eins og greint verður frá hér á morgun voru tekjur LS af félagsgjöldum 67,5 milljónir og tekjur svæðisfélaga 7,2 milljónir. Félagsmenn greiddu allt frá fimm krónum upp í 1,7 milljónir í félagsgjald á árinu 2010.


Ég tek undir sjónarmið um breytingar. Þið, kærur félagar, ættuð að koma með tillögu þar um. Heyrt hef ég raddir um að milljón á fyrirtæki ætti að vera hámark og hálf milljón á bát. Þrjátíuþúsund hafa menn nefnt sem lágmark. Verði það niðurstaðan og að þeir sem gagnrýnt hafa upphæð gjaldanna skila sér til baka ætti það að færa félaginu ykkar sömu upphæð í félagsgjöld. En hér er viðkvæmt mál á ferðinni og því rétt að flana ekki að neinu, heldur taka sér góðan tíma til skoðunar á málinu.

Verði þróunin hins vegar sú að fyrrverandi félagsmenn í LS snúi ekki til baka gæti það leitt til 17% samdráttar tekna af félagsgjöldum 2012.


Það er trú mín að ársfundurinn skili af sér tillögum sem fela í sér skýr skilaboð til þeirra aðila sem staðið hafa tímabundið utan LS, þannig að þeir efist ekki um að farsælast sé fyrir alla trillukarla að vera innan heildarsamtaka. Það hefur skilað smábátaeigendum bestum árangri, það sýna aflaheimildir og aflaverðmæti.

### Fiskveiðiárið 2010/2011


Heildarafla smábáta varð 70 þúsund tonn, mest þorskur 39.039 tonn, ýsa 14.087 tonn, steinbítur 5.167 tonn og ufsi 4.066 tonn.



Heildaraflaverðmæti smábáta voru 23 milljarðar sem gefur af sér 46 milljarða í útflutningsverðmæti. Til samanburðar var heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða 2010, 220 milljarðar. Sérstaklega skal vakin athygli á hversu þorskurinn er okkur dýrmætur en hann skilaði 72 milljörðum, eða um þriðjungum alls útflutningsverðmæti sjávarafurða á árinu 2010.



Áður en skilið verður við þessar tölur er rétt að vekja athygli á hlut smábáta í heildarafla helstu tegunda á fiskveiðiárinu. Þorskafla trillukarla var 22%, ýsuafla 27% og steinbíturinn 44%.



### Ágætu fundarmenn

Yfirstandandi fiskveiðiár verður erfitt. Skerðing er í ýsu, ufsa og steinbít og jafnvel einnig grásleppu.

Ýsan er á niðurleið að mati Hafrannsóknastofnunarinnar sem byggist á niðurstöðum úr togararalli stofnunarinnar og eltingi við aflatölur togskipa. Svo virðist sem hún leiti nú hin síðari ár í miklu meira mæli upp á grunnslóðina. Þar veiðist víðast hvar mikil og góð ýsa sem skilar sér ekki inn í útreikninga Hafrannsóknastofnunarinnar. Landssambandið hefur sl. tvö ár hvatt sjávarútvegs-



og landbúnaðarráðherra til að ívilna sérstaklega ýsuveiðum dagróðrabáta á grunnslóð.

Hvatning og áskorun til ráðherra er hér með ítrekuð. Niðurnjörvuð nýtingarstefna kemur ekki í veg fyrir að ráðherra bregðist við heldur eru það niðurnjörvaðar leikreglur innan lagamma stjórnunar fiskveiða. Hvort þar finnist einhverjar smugur skal ekkert fullyrt um en hér er nauðsyn að bregðast við þannig að hægt verði að nýta með sem hagkvæmasta hætti úthlutaðar veiðiheimildir.

Rétt er að ítreka hér að ýsuafli smábáta var 27% af heildarýsuafli sl. fiskveiðiárs sem er 60% meira en hlutdeild þeirra segir til um. Á sl. þremur fiskveiðiárum hefur stærri skipum ekki tekist að veiða rúm 11 þúsund tonn af ýsu sem hefðu getað skilað sér í veiði krókaflamarksbáta. En þau kusu frekar að nýta það í tegundatilfærslu sem færði þeim aukinn kvóta í öðrum tegundum.

Þetta er miður þar sem markaður fyrir ferska ýsu er góður og hægt hefði verið að leigja til þeirra sem yrkja þá markaði. Hér á bæ velti ég því fyrir mér hvort komið sé að ögurstundu varðandi ýsuveiðina. Hvort Jónskvóti hinn þriðji sé á leiðinni.

Við stórútgærðina vil ég segja þetta af þessu tilefni: *Þegar gerð er tilraun til handstýringar á veiðiheimildum eru afleiðingarnar; svonefndur Jónskvóti. Skötuselur og síld orðin að veruleika. Keilan og langan til alvarlegrar skoðunar sbr. ákvæði sem var í minna frumvarpinu og nú blasir við að ýsan er langt komin með að uppfylla „skilyrðin“. En það er ekki svo að ekkert hafi komið af borðum ykkar niður í krókaflamarkið. Á sex sl. fiskveiðiárum hafið þið leigt frá ykkur alls 22.695 tonn sem krókaflamarksbátar hafa nýtt til verðmæta úr auðlindinni með veiðum upp á 27 þúsund tonn. Þess má geta að það er rúmum fjórum sinnum meira en krókaflamarksbátum er úthlutað nú á grundvelli hlutdeilda.*

Þegar þessi kafla ræðu minnar var skrifaður velti ég því fyrir mér hvort einungis þessar upplýsingar nægi ekki til að réttlæta ýsuívilnun til dagróðrabáta á grunnslóð. Jú víst er það góð viðbót við önnur rök.

Ráðherra - tölur hér úr töflunni tala skýrt til þín ásamt að verðmætaaukning í ýsu liggur í ívilnun til dagróðrabáta.

Fiskveiðiár	Úthlutun	Viðbætur	Flutt úr aflamarki	Ýsuafli krókaflamarksbáta	Hlutdeild krókaflamarksbáta
2005/2006	12.231	1.535	5.243	17.402	20,9%
2006/2007	12.358	1.777	5.293	17.159	20,9%
2007/2008	12.049	2.816	3.403	16.018	18,0%
2008/2009	11.207	2.976	3.517	16.002	22,2%
2009/2010	7.600	2.965	1.946	12.220	22,2%
2010/2011	5.909	1.161	3.293	9.658	24,3%

## Þorskurinn

Enn eitt fiskveiðiárið lítur dagsins ljós þar sem veiðiheimildir í þorski eru ekki í takt við upplifun sjómanna. Nefnd sem skoðaði þær forsendur sem hafðar eru til viðmiðunar við ákvörðun um heildarafla í þorski fór yfir málefnið. Ég átti sæti í þessari nefnd og upplifun mín var skýr, það stendur upp á stjórnvöld að breyta nýtingarstefnu fyrir þorsk sé vilji til að auka þorskafla. Að mínu mati og fjölmargra annarra sem byggja þekkingu sína á yfirlegu talnagagna og skýrslna frá Hafró og samtölum við sjómenn erum við sannfærð um að þorskstofninn mun ekki bera skaða af þó nýtingarstefna verði stillt upp á 225 þúsund tonna veiði.

Það er með ólíkindum að þessi gullnáma okkar skuli vera svo kirfilega lokuð að möguleikar okkar til aukinna veiða gæti að engu orðið þar sem veiðistofninn eldist og hætt við að ójafnvægi geti myndast.

Hér bera stjórnvöld mikla ábyrgð. Þau geta ekki setið aðgerðarlaus vegna þessa möguleika okkar á að auka útflutningsverðmætið. Fá tekjur af auðlindinni sem nemur milljörðum í ríkiskassann. Hægt yrði að komast hjá niðurskurði á mörgum stöðum, auka kaupmátt og draga úr atvinnuleysi. Landssamband smábátaeigenda hefur ekki tekist að ná röddum ráðamanna hvað þetta varðar. Því kallar félagið eftir aðstoð hinna ýmsu stétta þjóðfélagsins til að þrýsta á auknar veiðiheimildir. Það er hægt að benda á möguleikana, þeir eru fyrir hendi.

Stjórnvöld eiga án tafar að bæta 50 þúsund tonnum við þorskvótann. Það jafngildir 20 milljörðum í aukin útflutningsverðmæti. Mundi gefa 12,5 milljarð í aflaverðmæti og skila rúmum helmingi þess í ríkissjóð. Steingrímur fjármálaráðherra - það munar um 7,5 milljarð í galtóman ríkiskassann.

Atvinnusköpun, skatttekjur, þjónustutekjur og meiri umsvif er eitthvað sem við getum ekki kastað frá okkur

á þeim tímum sem þjóðin glímir nú við. Þá er rétt að taka fram að þessar tekjur geta komið strax, það þarf engar langtímarannsóknir, langt ferli umhverfismats, endalaus skoðanaskipti, svo eitthvað sé nefnt, sem þjóðin hefur verið og er of upptekin af. Það er kannski ástæðan fyrir því að málefnið kemst ekki í framkvæmd, – það þarf engar frekari rannsóknir.

Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ég skora á þig að leggja til breytingu á nýtingarstefnu stjórnvalda í þorski sem tryggir aukningu þorskkvóta um 50 þúsund tonn.

Á fundum mínum um allt land hef ég sett upp tvær myndir sem byggðar eru á tölum úr skýrslum Haf-rannsóknastofnunar og birt töflu úr ástandsskýrslu stofnunarinnar. Þær sýna að þeir Íslendingar sem eru 47 ára og eldri hafa aldrei upplifað stærri hrygningarstofn þorsks en mælingar HAFRÓ segja til um. Þeir landsmenn sem komnir eru tvo vetur yfir tvítugt fá nú í fyrsta sinn að sjá stærri veiðistofn og þeir sem eru 10 ára hafa aðeins einu sinni upplifað að útgefnar veiðiheimildir í þorski hafi farið yfir 200 þúsund tonn.



Nytjastofnar sjávar 2010/2011 - aflahorfur 2011/2012									
Tafla 2.1.2									
<b>Þorskur</b>									
Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonna) árið 2013									
2011				2012				2013	
Áætlaður aflí	Stofn 4+	Hrygn. stofn	F1)	Afla hámark	Stofn 4+	Hrygn. stofn	F1)	Stofn 4+	Hrygn. stofn
177	969	362	0.29	100	1081	420	0.14	1309	533
				177	1081	396	0.27	1219	449
				250	1081	375	0.31	1135	375

Nú er tækifærið – stofninn er sterkur, markaðir tilbúnir að taka við aukningu, þjóðin hefur not fyrir auknar tekjur.

Ég kalla einnig til þriðja valdsins, látið málið til ykkar taka – tryggið þjóðinni allt það sem hún á skilið. Njótum ávaxtanna þegar við þurfum á þeim að halda, jafnt og að við spörum þá í góðærinu.

**Starfsemi Landssambandsins** á aðalfundarárinu hefur verið mjög kraftmikil og á köflum árangursrík.

Tekist hefur að halda aftur af öflum sem krafist hafa breytinga á starfsumhverfi ykkar til hins verra. Þar nefni ég:

- Að slægingarstuðull verði lækkaður úr 16% í 10% sem gæti leitt af sér lækkun fisk- og útflutningsverðmætis.
- Að skilyrði til félagsstarfseminnar verði gerð erfiðari þegar þess er krafist að innheimta félagsgjalda verði ekki með þeim hætti sem trillukarlar höfðu kosið.
- Að sameinast um að halda okkur utan allra áhrifa í Gildi lífeyrissjóði. Ráðskast svo með sjóðinn þannig að stórt skarð er höggvið í fyrirfram greiddan lífeyri.

Kæru félagar hér er mikið verk óunnið sem sýnir best að samstaðan er okkur dýrmætari en flest. Valdapræðir þessara aðila ná víðar.

- Verum t.d. vel á verði gagnvart lánastofnunum þegar við þurfum þaðan fyrirgreiðslu. Við eigum ekki að njóta síðri kjara en stór fyrirtæki í sjávarútvegi – nær það jafnt til leiðréttinga lána og fjárfestinga. Líta skal á rekstur þessara aðila en ekki umsvif sem standa sum hver ekki undir afborgunum lána, öðruvísi en til komi milljarða afskriftir.

- Bregðast þarf við þegar valdaþræðir og umsvif eru notaðir til að hóta stjórn- og bæjaryfirvöldum.

Eitt af verkefnum LS er að beita sér fyrir gegnsæi í þessum efnum. Tryggja að allir sitji við sama borð.

## Lánastofnanir dæmdar til að leiðrétta lán

Fyrir réttu ári samþykktuð þið hér á aðalfundi að beita hóp málsókn til að fá leiðréttingar lána sem bankarnir höfðu neitað ykkur um. Þá sást að félagar í LS ætluðu hvergi að kvika fyrir óréttlætínu. Í dag er staðan sú að bankarnir voru dæmdir af Hæstarétti til að leiðrétta lánin, þeir gerðu það ekki að góðmennsku við ykkur! Þrír þeirra hafa nú þegar hafið leiðréttingar og staða margra ykkar af þeim sökum er að nálgast viðunandi afkomumörk. Tvær lánastofnanir hafa hins vegar sagt að dómur Hæstaréttar eigi ekki við um lán frá þeim.

Á næstu dögum sendi ég þeim bréf þar sem óskað er tafarlausra leiðréttinga lána hjá smábátaeigendum. Það er mat lögmanns félagsins sem annast hefur málefnið að þeir lánasamningar sem þar eru inni séu jafn ólöglegir og Hæstiréttur dæmdi 16. júní sl. í máli Mótormax og Landsbankans.

Framhaldið ræðst af viðbrögðum þesara aðila.

## Gildi lífeyrissjóður

En aftur að Gildi lífeyrissjóði. LS mun halda áfram að verja réttindamál félagsmanna þar. Stefnan hefur verið sett á:

- að ársfundur sjóðsins verði hans æðsta vald
- sjóðfélagar sem mæta á ársfund hafi þar atkvæðisrétt
- Landssamband smábátæigenda fái fulltrúa í stjórn sjóðsins.

Þá stendur enn sú krafa LS að stjórnarmenn í Gildi lífeyrissjóði sem enn sitja í stjórn hans og voru þar á vaktinni fyrir hrun víki tafarlaust.

Hér á eftir er smá samantekt sem ég lét í gögn stjórnar LS á sumarfundi hennar 13. og 14. júlí sl.

## Sjóðfélagar komi í stað fulltrúaráða.

Tillögum til breytinga skilaði framkvæmdastjóri LS til stjórnar sjóðsins 13. janúar sl. eða tveimur dögum fyrir

þann tíma sem tilgreindur var í samþykktum svo þær yrðu löglega frambornar. Meðal þeirra þátta sem þeim var ætlað að breyta í samþykktum sjóðsins var eftirfarandi:

- Auka lýðræði innan sjóðsins með því að tryggja öllum sjóðfélögum atkvæðisrétt á ársfundi og öðrum fundum sjóðsins og leggja þar með af fulltrúaráð sem nú fara ein með atkvæðisrétt.
- Auka vald sjóðfélaga í stjórn sjóðsins.
- Gefa sjómönnum, sem starfa sinna vegna komast ekki til ársfundar, kost á að taka þátt í ársfundi með því að tilnefna aðila í sinn stað.
- Gefa sjóðfélögum kost á að bjóða sig fram á ársfundi til setu í stjórn.
- Tryggja fulltrúum allra aðildarsamtaka sjóðsins möguleika á stjórnarsetu.
- Takmarka starfstíma fulltrúa í stjórn sjóðsins.

Skemmst er frá því að segja að tillögur sem lutu að þessum breytingum fengust ekki ræddar á ársfundi sjóðsins. Stjórn Gildis ákvað í krafti samþykka sjóðsins að senda þær til aðildarsamtaka hans þar sem þau voru beðin að taka afstöðu til þess hvort rétt væri að ræða tillögurnar á ársfundi. Vitnað var í þessu sambandi til ákvæða um að tillögur um breytingu á ákvæðum sem teljast efni kjarasamninga s.s. um iðgjöld og stjórnskipan sjóðsins, þ.á.m. um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórnar yrðu einungis teknar fyrir á ársfundi að fyrir lægi samþykkt 2/3 hluta samtaka atvinnurekenda og launþega sem að sjóðnum standa. Aðeins nokkrum dögum fyrir ársfundinn var mér tilkynnt að aðildarsamtökin hefðu hafnað því að tillögur mínar kæmu til umræðu á ársfundinum.

Engin áhætta tekin um breytingar. Allt innmúrað, atvinnurekendur og launþegar saman undir einni sæng, staðráðnir í að ekki skuli hróflað við þessu véi þeirra. Samstaðan milli þeirra sem aldrei fyrr, fullur einhugur launþeganna að láta höfuð andstæðinginn passa upp á sparifélagsmanna! Upplýstir sjóðfélagar sem mæta til aðalfundar skyldu áfram verða án atkvæðisréttar, sú ákvörðun m.a. tekin af aðilum sem engin réttindi eiga í sjóðnum.

## Áhugaleysi fulltrúaráða - aðeins þriðjungur mættur.

Að fundi loknum leitaði ég eftir því hvernig samsetning fulltrúaráðanna hefði verið á ársfundinum. Af 80 fulltrúum Samtaka atvinnulífsins mættu níu til ársfundarins og frá samtökum launþega mættu 55, segir þetta ekki allt sem segja þarf um áhuga þessara aðila á málefnum. Afar fámennur hópur sem í krafti ósanngjarna samþykktu drottinnar yfir gríðarlegum hagsmunum sem veita þeim óhemju völd í krafti stýringar á fjármunum sjóðfélaga.

Samþykktir Gildis lífeyrissjóðs þarf að endurskoða. Það er í hæsta máta óeðlilegt að þeir sem ekki eru sjóðfélagar geti komið í veg fyrir breytingar.

## Upprunamerki - vottun

Á árinu gerðist LS eignaraðili að upprunamerki - Iceland Responsible fisheries - sem vísar til íslensks uppruna sjávarafurða og yfirlýsingar um ábyrgar fiskveiðar Íslendinga.




Ásamt LS eru LÍÚ og Samtök fiskvinnslustöðva eignaraðilar merkisins. Merkið er markaðstæki og hafa íslenskar útgerðir og framleiðendur sjávarfangs svo og aðrir þátttakendur í virðiskeðjunni heimild til að sækja um notkun þess. Merkið má nota á umbúðir afurða sem eru unnar úr afla íslenskra fiskiskipa og í auglýsingaskyni samkvæmt reglum sem um notkun þess gilda. Nokkur fyrirtæki í smábátaútgerð eru nú þegar farin að nota merkið. Nú er unnið að því að gefa smábátæigendum kost á að setja merkið á báta sína. Umsóknarblöð eru í undirbúningi þar sem fram munu koma allar upplýsingar og skilyrði sem þarf að uppfylla.

15. desember sl. hlutu þorskveiðar Íslendinga vottun og var ferlið unnið samkvæmt ströngustu alþjóðlegum viðurkenndum kröfum. Kröfulýsingar voru unnar samkvæmt leiðbeiningum FAO um umhverfismerkingar og vottun vegna veiða úr villtum stofnum. Enginn vafi er á að vottunin er afar mikilvæg fyrir íslenskan sjávarútveg. Hún staðfestir að veiðarnar samræmast alþjóðlegum kröfum um sjálfbæra nýtingu endurnýjanlegra auðlinda.



## Sjávarútvegssýningin

Landssamband smábátæigenda var þátttakandi með beinum hætti að Sjávarútvegssýningunni 2011. Ég fann fyrir miklum hlýhug og stolti fjölmargra félagsmanna sem heimsóttu svæðið þar sem LS kynnti starfsemi sína. Menn komu saman, ræddu málin og kynntust. Öllum sem heimsóttu okkur var boðið upp á besta smakkið á sýningunni - þorskhnakka sem meðhöndlaðir voru eftir uppskrift frá landsliðskokknum okkar Hrefnu Sætran. Kann ég Péttri, Báru, Oddbjörgu og Regínu bestu þakkir fyrir aðstoðina.



Í bæklingi sem LS útbjó og afhenti gestum var ýmiss fróðleikur. Við greindum frá mikilvægi sjávarútvegins fyrir þjóðina. Sögðum frá hversu mikið trillukarlar legðu þar að mörkum. Þá var greint frá aflabrogðum og að smábátæigendur greiddu rúman hálfan milljarð í veiðigjald ásamt fjölmörgu öðru sem bæði kom fram í spjalli og svörum við spurningum gesta.

Að mínu mati er það enginn vafi að landssambandið á að vera inni á slíkri sýningu. Jákvæð ímynd félagsins er eflað með þátttöku í henni.

## Strandveiðar

Eitt af ákvæðum í minna frumvarpi Jóns Bjarnasonar sl. vor snérist um strandveiðar. Þar var samþykkt að auka veiðiheimildir í kerfinu. 1.900 tonn af þorski og 600 tonn af ufsa. Alls eru því viðmiðunar veiðiheimildir í strandveiðikerfinu komnar í 8.500 tonn sem er aukning um 4.545 tonn frá því strandveiðar hófust 28. júní 2009. Þrátt fyrir að viðbótin kæmi ekki inn fyrir en í lok júní tókst engu að síður að fullnýta veiðiheimildirnar.

Nokkru færri tóku þátt í strandveiðum nú en á síðasta ári. Meðaltalsafli á bát jókst hins vegar, en afli á hvern róður minnkaði.

Aflaverðmæti strandveiðibáta 2011 varð 2,5 milljarðar sem skilar um 3,5 milljónum á hvern bát í brúttóinnkomu.

	Báatar	Róðrar	Þorskur	Ufsi	Afli/bát	Afli/róður
2009	554	7.313	3.396	568	7,3 tonn	551 kg
2010	741	10.579	5.042	1.192	8,6 tonn	601 kg
2011	685	15.484	7.095	1.276	12,5 tonn	522 kg

Nýtt ákvæði er að eigandinn þarf að vera um borð, vera lögskráður.

Aflahæstur á strandveiðum var Sædís ÞH-305 með 42,5 tonn en þar var skipstjóri Árni Guðmundsson.

## Grásleppuveiðar

Á vertíðinni stunduðu 369 bátar grásleppuveiðar sem var 25 leyfum fleira en í fyrra. Alls hefur þátttöku í grásleppuveiðum fjölgað um 140 báta frá 2008.

Heildarafrakstur veiðanna varð 10.657 tonn af söltuðum grásleppuhrognum og 800 tonn af frosinni grásleppu. Veiðin á vertíðinni var 40% minni en á metvertíðinni 2010. Verð byrjaði heldur lágt þar sem flestir kaupendur voru saddir eftir vertíðina 2010. Það breyttist hins vegar þegar ljóst var að vertíðin yrði ekki framlengd þó veiði væri slök og hækkaði jafnt og þétt út vertíðina. Meðalveiði á hvert útgefið leyfi voru 29 tonn. Aflaverðmæti vertíðarinnar 1,6 milljarður.

Það veldur grásleppuveiðimönnum enn áhyggjum að jafnbestu grásleppumiðin gefa enn frekar slaka veiði, en hér er átt við N-Austur-hornið. Enn er uppi þrálátur orðrómur um mikið magn af grásleppu sem kemur sem meðafli hjá flottrollsskipum við veiðar á síld og makríl. Hér fyrir fundinum liggja m.a. viðbrögð við þessu sem er að skilja verði bæði sett í veiðarfæri og um borð.

Meðalverð til sjómanna á vertíðinni var um 195 þúsund krónur fyrir tonnuna sem er óbreytt frá síðasta ári.

Heildarveiði í heiminum endaði nú í um 23 þúsund tonn sem er svipað magn og gert hafði verið ráð fyrir.

Grænlingar veiddu um 11 þúsund tonn, Norðmenn með 2.000 tonn og Nýfundnalendingar með nokkur hundruð.

	Fjöldi Leyfa	Nýttir dagar	Veiði tonnur	Tunnur /dag	Tunnur /bát
A	69	3.450	1.663 tu	0,48 tu	24 tonn
B	96	4.707	2.299 tu	0,49 tu	24 tonn
C	27	1.350	668 tu	0,5 tu	25 tonn
D	38	1.900	2.074 tu	1,09 tu	55 tonn
E	97	4.850	3.016 tu	0,62 tu	31 tonn
F	31	1.550	867 tu	0,52 tu	28 tonn
G	11	550	70 tu	0,13 tu	6 tonn
	<b>369</b>	<b>18.357</b>	<b>10.657</b>	<b>0,58 tu</b>	<b>29 tonn</b>

**Grásleppan til Kína** er heiti samstarfsverkefnis LS og Tritons ehf. og tók við af verkefninu grásleppan í sókn. Sótt var um stuðning til verkefnisins, en vonbrigðin urðu gríðarleg þegar sjóðurinn hunsaði umsókn LS. Styrkveiting hefði geta skipt sköpum um velgengi á komandi vertíð. Nú ríkir óvissa um það magn sem hægt verður að losna við á komandi vertíð. Nánar um þetta málefni í erindi Orms Arnarsonar hér eftir hádegjð.

## Aflabrögð og aflaverðmæti

Aflabrögð voru mjög góð á sl. fiskveiðiári. Heildarafli smábáta á fiskveiðiárinu endaði í 70 þúsund tonnum sem er 6.000 tonna samdráttur frá sl. ári. Verðmæti þessa afla upp úr sjó sló öll fyrri met hvað krónutölu snertir 22,7 milljarðar sem jafngildir útflutningsverðmætum uppá rúma 46 milljarða.

Aflahæstur smábáta fiskveiðiárið 2010/2011 varð Einar Hálfðans ÍS-11 frá Bolungarvík með 1.450 tonn.

Skipstjóri Pétur Jónsson. Óska Pétri og áhöfn hans til hamingju með glæsilegt afrek.



Einar Hálfháls ÍS-11  
1.450 tonn fiskveiðiárið 2010/2011

## Félagsstarfsemi

Öll svæðisfélögin 15 héldu aðalfundi í september og október. Ágætt mæting var víðast hvar og öll sendu félögin frá sér ályktanir. Litlar breytingar urðu í stjórnnum félaganna. Þó bar það til tíðinda að formannskipti urðu hjá Fonti og Smábátafélagi Reykjavíkur. Nýr formaður Fonti er Einar Sigurðsson Raufarhöfn og í Reykjavík tók við formennsku Þorvaldur Gunnlaugsson. Óska ég þeim báðum til hamingju með kjörið um leið og ég þakka fráfarandi formönnum Jóni Tryggva og Garðari Berg fyrir mjög gott samstarf.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrir fundina og góðar ábendingar sem þar komu fram.

## Snæfell fjölmennasta svæðisfélagið

Snæfell er stærsta svæðisfélagið innan LS með 137 bátum, næst í röðinni er Klettur með 123 bátum og þriðja stærsta félagið er Elding með 119 bátum.

## Miðlun upplýsinga til félagsmanna og kynning á starfsemi LS

[www.smabatar.is](http://www.smabatar.is) er mikið notað af félagsmönnum. Á tímabilinu milli aðalfunda hafa heimsóknir verið 185.886, það er 509 að meðaltali hvern dag ársins. Það er minnkun um 105 að meðaltali á dag. Fjöldi heimsókna er því orðinn sami og hann var 2009 - 2010.

Á tímabilinu hafa verið birtar 217 fréttir á heimasíðunni sem er 12 færri en á síðasta viðmiðunartímabili. Markmiðið að hafa eina frétt á hverjum virkum degi

náðist því ekki, en naumt varð það - vantaði 4 fréttir.

Brimfaxi félagsblaðið okkar hefur að venju komið út tvisvar á tímabilinu, um áramót og við sjómannadaginn. Blaðið hefur vaxið og ekki annað að heyra en félagsmenn séu ánægðir með það. Ritstjóranum Sigurjóni M Egilssyni þakka ég gott samstarf.

## Stjórn LS

hélt 5 fundi á árinu. Þann fyrsta eftir síðasta aðalfund, næstvarfundað 16. desember, þá 18. maí, sumarfundur stjórnar var í Keflavík 13. og 14. júlí og 5. fundurinn var í gær, 12. október.

Þá var bryddað upp á þeirri nýmæli að halda formlega netfundi sem alls urðu 12 á starfsári stjórnarinnar. Fjöldi mála voru rædd og afgreidd á þessum fundum og kann ég stjórninni bestu þakka fyrir gott samstarf og skilvirka ákvarðanatöku.

Einnig þakka ég grásleppunefnd fyrir góðan fund í byrjun febrúar og kjaranefnd LS sem m.a. gekk frá nýjum samningi um laun í ákvæðisvinnu, við línu og net. Einnig var ég formanni Kletts innanhandar í viðræðum félagsins við Framsýn. Þar hafa ekki tekist samningar, en menn eru bjartsýnir að samningur líti dagsins ljós í þeirri lotu sem nú er hafin.

## Starfsfólk

Samstarfsfólki mínu á skrifstofu LS, Oddbjörgu og Arthuri, þakka ég fyrir vel unnin störf og gott samstarf á árinu.

## Ágætu þingfulltrúar og gestir

Aðalfundur fær nú það vandasama hlutverk að marka braut næsta árs þar sem ég veit að vandað verður til allra verka. Mikið starf bíður fulltrúanna þar sem ályktanir eru alls 170, en voru 160 í fyrra.

Auk þess sem ég hef hér tæpt á vil ég vísa til gagna í möppunum ykkar og svo að sjálfsögðu heimasíðu LS. Þá mun ég fylgjast með störfum nefnda hér á fundinum og svara fyrirspurnum og verða mönnum innanhandar.

Aðalfundarfulltrúar verið velkomnir til 27. aðalfundar Landssambands smábátaeigenda.

Að þessu mæltu lýk ég máli mínu.  
Takk fyrir.



## Arthur Bogason Ræða á 27. aðalfundi Landssambands smábátæigenda

„Ágætu fundarmenn, hæstvirtur sjávarútvegsráðherra og aðrir góðir gestir.

Óaðskiljanlegir þættir þess að yrkja hafið við Íslandsstrendur er að glíma við úfinn sjó, myrkur, hamsleysi vetrarveðra og svo ekki sé minnst á endalausá duttlunga náttúrunnar í hafinu.

Engu að síður heillar hafið og dregur að. Oft gefur erfiðið góðar tekjur og það er yndi að sjá á milli stríða fegurðina í kyrrum haffleti hvert sem augað eygir.

Eitt af því sem heillar hvað mest við hafið, þá miklu skepnu, er dulúð þess; Flest af því sem það geymir er hulið sjónum okkar og þrátt fyrir alla tækni nútímans er færri vitað um hið gríðarlega

flókna kerfi lífs, strauma og samspil hafrýmisins við þurrlendi og himinhvolf en um efnasamsetningu halastjarna sem geysast fram hjá jörðinni á ofsahraða á áratugafresti.

Talið er að einungis fiskitegundirnar telji um 32 þúsund í höfum og ferskvatni og í heildina er talið að hátt í tvær milljónir lífvera af öllum gerðum búi í heimshöfunum. Það verður að teljast eðlilegt að langt sé í land með fullkominn skilning á öllum þessum ósköpum.

Á síðasta ári gaf Michael Brooks, doktor í skammtaæðlisfræði, út ágæta bók sem heitir „13 Things that don't Make Sense“ eða „13 atriði sem ganga ekki upp“. Í henni rekur hann á mannamáli

hvernig grundvöllur vísindanna sem viðurkennd hafa verið um talsverðan tíma, skekst nú og hristist. Þannig greinir hann frá því, að hornsteinar vísindanna, bæði sjálf afstæðiskenningin og lögmál Newtons standast að öllum líkindum ekki. Sé það rétt er grundvöllur nútímavísinda í raun hrúinn og vísindabylting framundan.

Hví er ég að rekja þetta? Jú þetta kemur okkur svo sannarlega við. Vísindamenn sitja semsé uppi með þetta sem ég hef hér rakið. Svona til að bæta gráu ofan á svart, þá geta vísindamenn aðeins gert grein fyrir 4% af því efni sem til er í alheiminum.

En við Íslendingar erum heppnir. Hér háttar málum nefnilega þannig til, að hér er stunduð vísindagrein sem er hafin yfir allan vafa og þarfnast engra frekari athugana við. Þetta er vitaskuld fiskifræðin. Árum og áratugum saman haggast þar ekkert. Reynsla þeirra sem starfa á vettvangi skiptir þar engu.

Þetta er ekki lítið lán, sérstaklega þegar það er haft í huga að stór hluti gjaldeyristekna þjóðarbúsins kemur úr hafinu og ákvarðast að stórum hluta af „vísindalegum“ tillögum.

Til fjölda ára hefur LS gagnrýnt harðlega þessa vísindaráðgjöf og ekki síður aðferðafræðina að baki ráðgjöfinni. Við erum ekki einir. Þeim fjölgar sífellt röddunum sem tala á sama veg.

En höfum við haft einhvern árangur?

Nei. Og ef eitthvað er hefur þokast afturábak. Í flórana bættist svokölluð aflaregla sem er eins fjarri því að geta talist líffræðileg fiskveiðistjórnun og hugsast getur. Með slíkri aðferðafræði er líka endanlega fjarlægður sá möguleiki að taka tillit til annarra sjónarmiða - þ.e.a.s. þeirra sem mestum tíma verja á hafinu.

Illu heilli og ofaní kaupid hafa stjórnvöld nánast að fullu og öllu látið undan þessu. Reikniðferðunum, aðferðafræðinni við stofnmælingarnar og aflareglunni í þorski. Og fram skal sækja: boðað hefur verið að aflareglu skuli setja á aðrar tegundir og enginn vafi er í mínum huga að það mun ganga eftir.

Í bókinni sem ég vitnaði hér til rekur höfundurinn annað, ekki síður athyglisvert og svo sem löngu vitað: þeir sem valda vísindabyltingum eiga alltaf við sama vandan að stríða: Hann er sá í sem stystu máli, að

ríkjandi kenningar verða að kerfum sem vísindamenn gefa ekki eftir fyrr en í fulla hnefana. Þeir sem valda byltingunum eru afgreiddir með hefðbundnum hætti sem við könnumst ágætlega við.

Það er sláandi að Michael Brooks er hvergi að fjalla um fiskveiðar, fiskveiðistjórnun og hvað þá Ísland. Það mætti hins vegar halda, að hann sé þaukunnugur framvindu þessara mála hérlendis og sé að skrifa um þau undir dulnefnum.

Hvenær rennur sá dagur, að upp rís öflugur stjórnámalaður á Íslandi og býður þessu byrginn? Hvenær á þessari endalausundanlátssemi að linna þegar varla finnst sá fiskimaður á Íslandi sem tekur þar undir?

Við þurfum að leggja okkar af mörkum. Við eigum að mótmæla fullum hálsi aflareglubrölti Hafrannsóknastofnunarinnar.

Við eigum að halda áfram að mótmæla fullum hálsi ráðgjöf stofnunarinnar, eins og við höfum gert. Hvernig getur ráðgjöf verið með einhverju viti, þegar hún er látlaust í algeru ósamræmi við reynslu veiðimannanna dögum, vikum og árum saman?

Bara þetta tvennt hefur þær afleiðingar að smásmuguhátturinn verður alger og veldur því meðal annars að krafa Landssambandsins um að sá afli sem fer í strandveiðarnar séu hafðar utan sviga og reiknaðar eftir, en ekki dregnar af mönnum fyrirfram, á mjög erfitt uppdráttar.

Að því leytinu til er þetta heppilegt tæki þeirra sem vilja koma af stað misklíð í okkar röðum. Etja mönnum saman. Og illu heilli þá hefur þetta tekist að einhverju leyti.

Þjóðfélagið okkar logar enn í illdeilum, tortryggni, ásökunum og þeirri leiðu áratu að vera í mannum en ekki boltanum. Félagið okkar þarf síst af öllu á þessu að halda.

Einu stundirnar í sögu þessa félags þegar á okkur hefur hallað er þegar glufur hafa myndast í þá samstöðu sem við annars höfum borið gæfu til að sýna.

Það hefur verið á tímum óvissu sem slíkt hefur komið fyrir og því miður hefur óvissan sjaldan verið meiri. Þannig að um algerlega rökrétt samhengi er að ræða. Hið svokallaða stóra frumvarp sem er, ef





það verður samþykkt af Alþingi, ný heildarlög um fiskveiðistjórnun.

Margir ykkar hér inni muna eflaust eftir því að áður en aðalfundi Landsambandsins lauk fyrir tveimur árum, yfirgaf ég fundinn áður en honum var lokið. Ástæðan var sú að kallaður hafði verið saman fundur í „sáttanefndinni“ og fundarmönnum þótti það meira en sjálfsgætt að ég færi til þess fundar. Hvers vegna? Jú, það var vegna þess að LS vildi leggja sitt af mörkum til að sátt gæti náðst um sjávarútveginn. Við vorum ekki í sýndarleik - okkur var fúlasta alvara. Og okkur er það ennþá.

Stóra frumvarpið mun ekki leiða til sáttar, hvorki innan eða utan sjávarútvegsins. Í því eru breytingar sem munu koma fjölmörgum smábátaútgerðum í mikinn vanda og jafnvel gera útaf við einhverjar þeirra. Ég trúir því ekki að óreyndu að slíkt verði látið fara í gegnum lögjafarsamkomu þjóðarinnar.

Stjórn LS ályktaði um þetta frumvarp á fundi sínum í júlí sl. Þar var um að ræða að ég held stystu ályktun sem stjórnin hefur nokkru sinni látið frá sér fara á þeim 112 fundum sem hún hefur haldið frá stofnun. Stjórnin hafnaði einfaldlega frumvarpinu, en bauðst

sem fyrr til að vinna að sátt í samstarfi við stjórnvöld. Og fyrst hæstvirtur sjávarútvegsráðherra er hér staddur beini ég orðum mínum til hans: „þáðu þetta boð“. Ég fullyrði að það er ósk allra þeirra sér hér sitja. Að óvissunni linni sem hangið hefur yfir og mun að óbreyttu gera áfram.

Ég hef hér tæpt á tveimur þeim atriðum sem ég tel gnæfa yfir hvað varðar mikilvægi. Fyrir þessum fundi liggja vitaskuld tillögur um fjölmörg önnur mál en ég treysti því að um þessi atriði verði ályktað einum rómi.

Ágætu fundarmenn: Ef við ætlumst til að á okkur sé hlustað og tekið mark á því sem við segjum, er lykilatriði að við hlustum á hvorn annan og virðum ólíkar skoðanir þess sem kann að sitja í næsta sæti. Í fjölmennu félagi eins og LS sannarlega er verða að rúmast hin ýmsu sjónarmið.

Við sjáum allt í kring afleiðingar sundrungar. Látum það vera víti til varnaðar. Tökum höndum saman og berjumst af einlægni fyrir öflugri smábátaútgerð. Ég segi 27. aðalfund LS settan“.

Arthur Bogason

# Aðalályktun 27. aðalfundar Landssambands smábátæigenda

„Aðalfundurinn fagnar þeim yfirlýsingum úr röðum ríkisstjórnarinnar að stefnt skuli sem fyrst að sátt um málefni sjávarútvegsins sem byggð skuli á niðurstöðum „sáttanefndarinnar“. LS tók þátt í vinnu nefndarinnar af fullum heilindum og telur enn að það skásta sem fram hefur komið og leitt geti til niðurstöðu, sé lokaskýrsla nefndarinnar.

Óvissan um framtíðarskipan málefna sjávarútvegsins hefur nú legið sem mara á smábátæigendum í hart nær þrjú ár. Þetta er algerlega óboðlegt atvinnuvegi sem er ein af grunnstöðum þjóðfélagsins í gjaldeyrisöflun. Íslenska hagkerfið hrundi og bankarnir sömuleiðis. Oft á tíðum er engu líkara en löngun standi til þess að draga sjávarútveginn með sér í fallinu. Í þessu sambandi bendir aðalfundurinn á að lánastofnanir hafa nánast undantekningarlaust verið dæmdar í gegnum réttarkerfið til leiðréttingar lána.

Aðalfundur lýsir miklum áhyggjum af þeirri staðreynd að gjáin breikkar sífellt á milli veiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og þess raunveruleika sem veiðimenn upplifa á miðunum. Ráðgjöfin er orðin fullkomlega á skjön við aflasamsetninguna, sérstaklega á grunnmiðunum. Svo dæmi sé tekið voru aflaheimildir í ýsu skornar niður um 17% milli ára og samtals um 54% á sl. þremur árum. Á sama tíma verða smábátæigendur á stórum svæðum við landið varir við aukna ýsugengd.

Ástæðan fyrir þessu er augljós. Aðferðafræði Hafró varðandi stofnstærðarmælingar byggist alfarið á trollveiðum sem gefa enga raunhæfa mynd af samsetningu eða magni fisks á grunnslóð.

Þessi augljósa staðreynd hefur blasað við til fjölda ára, en af einhverjum óskiljanlegum ástæðum leiða stjórnvöld þetta hjá sér. Veiðimenn, ekki einungis á smábátum, hafa gagnrýnt þetta harðlega, en reynsla þeirra og þekking er algerlega virt að vettugi af Hafrannsóknastofnuninni og stjórnvöldum. Sjónarmið veiðimanna eru jafnvel lítilsvirt og þeir ásaðir um skammtíma sjónarmið og græðgi.

Enn skal leitt undanhaldið. Rótföst aflaregla hefur verið sett í þorski, sem þegar hefur kostað þjóðarþúið tugi

milljarða í tapaðar tekjur og nú skal sambærileg aflaregla sett í fleiri tegundum.

Aðalfundur mótmælir þessu harðlega. Fyrir það fyrsta er þekking svo takmörkuð á lífríki sjávar og flóknu samspilitegunda og sýnbreytilegum umhverfisskilyrðum að langt er í land með að grundvöllur geti skapast fyrir aflareglu, hvort heldur í þorski eða öðrum tegundum.

Fundurinn bendir og á að aflaregla er síður en svo nauðsynleg markaðsstarfi fyrir íslenskar sjávarafurðir, né hryggstykkið í íslenska merkinu um ábyrgar fiskveiðar.

Þetta sést t.d. á því að þegar fyrrverandi sjávarútvegsráðherra jók aflaheimildir í þorski um 30 þúsund tonn og núverandi sjávarútvegsráðherra jók stórlega við skötuselsheimildir, reyndust allar hrakspár um sölumál haldlausar.

Þá verður ekki annað séð en að Íslendingum gangi ágætlega að gera sífellt meira verðmæti úr makríl sem veiddur er í algerri óþökk Evrópusambandsins.

Fundurinn skorar á stjórnvöld að brjóta nú þegar upp þá einokun sem Hafró hefur á hafrannsóknnum við Ísland. Fundurinn skorar jafnframt á stjórnvöld að eyða sem fyrst þeirri óvissu sem ríkir um framtíðarskipan sjávarútvegsins.

Starfsumhverfi smábátáutgerðarinnar er um þessar mundir örðugra en verið hefur um langa tíð. Öflug smábátáutgerð er heilbrigðu atvinnu- og mannlífi með ströndum fram alger lífsnauðsyn. Hvað sem öllu líður með tækniframfarir og ásókn ungs fólks í borgir og þægileg innistörf er það trú fundarmanna að dýrmæti byggðar í öllu landinu mun verða mönnum æ ljósara í náinni framtíð.

Á tímum vakningar mannkyns um nauðsyn þess að ganga af ábyrgð um umhverfi sitt, hvort heldur á þurrlendi eða í hafi, mun sömuleiðis mikilvægi smábátáutgerðar sem notar umhverfisvæn veiðarfæri og minni orkunotkun til veiðanna aukast í hlutfalli. Á þessu ber íslenskum stjórnvöldum skylda að taka fullt mark á“.



Frá fundi í sjávarútvegsnefnd

## Samþykktir 27. aðalfundar Landssambands smábátaeigenda 2011

### ➤ Auknar veiðiheimildir

LS skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að auka nú þegar veiðiheimildir helstu nytjastofna og þorskvóti verði þegar í stað aukinn í 250 þúsund tonn og ýsukvóti í 60 þúsund tonn.

### ➤ Byggðakvóti

LS ítrekar áður framkomnar tillögur 26. aðalfundar sem samþykktar hafa verið um byggðakvóta:

*Að byggðakvóti verði aflagður í núverandi mynd, þess í stað verði hann settur sem ívilnun fyrir dagróðarbáta sem eiga heimahöfn í viðkomandi byggðalögum og landa þar, (þ.e. byggðalögum sem úthlutað er frá ráðuneytinu eftir þar til gerðum reglum).*

### ➤ Dragnótaveiðar

LS leggur til að dragnótaveiðar í Faxaflóa verði aflagðar.

### Greinargerð

Dragnótaveiðar í Faxaflóa hafa alltaf verið Akurnesingum þyrnir í augum.

Reynsla okkar er slæm. Hægt er að sjá áhrif t.d. með athugun á aflaskrá fiskifélagsins „Ægi“. Veiði hefur nú dregist stórlega saman - sandkoli, rauðspretta og lúða nær horfin úr flóanum. Hver er ástæðan?

LS leggur til að bann við dragnótaveiðum innan línu sem dregin er úr Fuglabjargarnesi í Svartnes verði í gildi allt árið.

LS leggur til að lokað verði fyrir snurvoð við suðurströndina út á 3 sml. og 3 sml. í kringum Vestmannaeyjar til verndunar sandslísstofninum og uppvexti fiskistofna. Það sé með ólíkindum að þessi dregnu veiðarfæri hlýti ekki sömu reglum og önnur dregin veiðarfæri svo sem troll.



Fv. Ragnar Axel Jóhannsson Raufarhöfn, Birgir Ingvarsson Bakkafirði, Ólöf Kristín Arnmundsdóttir Bakkafirði



Fv. Bárður Guðmundsson Ólafsvík, Guðlaugur Gunnarsson Ólafsvík, Sigurjón Hilmarsson Ólafsvík, Páll Aðalsteinsson Stykkishólmi

#### ➤ Endurvigtun

LS ályktar að endurvigtun verði með þeim hætti að tryggt verði að hlutlausir aðilar komi að endurvigtuninni.

#### ➤ Evrópusambandið

LS hafnar alfarið aðild að Evrópusambandinu.

#### Fiskistofa

Að LS kanni hvernig sakamálum á vegum Fiskistofu vegnar og hversu mörg eru leidd til lykta.

#### ➤ Fjarskipti

LS krefst úrbóta á 3G símasambandi og AIS sendingum á fiskimiðunum í kringum landið, LS fellst ekki á þann öryggisafslátt sem upptaka þessara kerfa hefur gert að verkum.

#### ➤ Framsal og geymsluréttur

LS skorar á sjávarútvegsráðherra að auka framsal og

geymslurétt í 20% sem stuðlar að meiri hagkvæmni í greininni, ekki síst fyrir þá kvótaminni.

#### ➤ Grásleppa

LS mótmælir öllum afskiptum HAFRÓ af stjórnun grásleppuveiða. Grásleppuveiðimenn hafa og eru best til þess fallnir að sjá um sjálfbæra nýtingu stofnsins.

LS leggur til að fyrirkomulag veiða 2012 verði með sama hætti og samþykkt var 2011.

LS beinir því til Fiskistofu að kannað verði hversu mikið veiðist af grásleppu sem meðafli í flottroll.

LS leggur til breytingar á hámarksfjölda neta pr. mann á grásleppuveiðum úr 100 netum í 150 net miðað við stutt net en aldrei meira en 300 net pr. bát.

#### Greinargerð

Tækni framfarir síðustu ára t.d. netaniðurleggjari afdragari o.fl. hefur breytt vinnutilhögun um borð. Einnig hefur aðgerð víða færst í land.

#### ➤ Grásleppunefnd LS

- A svæði Guðmundur Jónsson *Hafnarfirði*
- B svæði Páll Aðalsteinsson *Stykkishólmi*
- C svæði Hafþór Jónsson *Patreksfirði*
- D svæði Guðmundur Ragnar Guðmundsson *Drangnesi*
- E svæði Sigurður Kristjánsson *Húsavík*
- F svæði Kári Borgar Ásgrímsson *Borgarfirði eystra*
- G svæði Klemens Einarsson *Reykjanesbæ*

#### Varamenn:

- A svæði Birgir Guðjónsson
- B svæði Pétur Erlendsson
- C svæði Bæring Gunnarsson
- D svæði Arnar B. Daðason
- E svæði Hilmar Zophaniasson
- F svæði Alfreð Sigmarsson
- G svæði Haukur Einarsson

#### ➤ Greiðslumiðlun

Gerð er krafa um að lög um greiðslumiðlun smábáta verði óbreytt, en hægt verði að segja sig frá tryggingahluta og / eða lífeyrirluta.

#### ➤ Handfæraveiðar

LS samþykkir að kjósa 5 manna nefnd sem hafi það að markmiði að móta í samráði við stjórn og forystu

LS tillögur að frjálsum handfæraveiðum sem hafi beina hagsmuni af strandveiðum, sem verði utan aflahlutdeildarkerfisins og skerði ekki aðra.

Hver íslenskur ríkisborgari hafi leyfi til handfæraveiða og litið sé á það sem forgangsrétt þjóðarinnar að eigin auðlind.

Nefndin skal skipuð einum aðila af hverju strandveiðisvæði og einum til vara ásamt fulltrúa úr stjórn LS.

Nefndin kjósi sér formann á sínum fyrsta fundi. Framkvæmdastjóra er falið að kalla nefndina saman á 1. fund.

#### Eftirtaldir skipa nefndina:

Ketill Elíasson Bolungarvík,  
skipaður af stjórn LS

**A:** Guðlaugur Gunnarsson Ólafsvík,  
kosinn af aðalfundi.

Varamaður: Hólmgeir Pálmason Þingeyri

**B:** Kristmundur Kristmundsson Gjögri,  
kosinn af aðalfundi.

Varamaður: Óttar Ingvason Akureyri

**C:** Oddur V. Jóhannsson Vopnafirði,  
kosinn af aðalfundi.

Varamaður: Einar M. Jónsson Borgarfirði eystra

**D:** Konný Breiðfjörð Leifsdóttir Reykjavík,  
kosinn af aðalfundi.

Varamaður: Eyþór Reynisson Grindavík.

#### Vísað til nefndarinnar:

1. Aðalfundur LS styður núverandi strandveiðar og leggur til að strandveiðikerfið verði óbreytt.

2. Aðalfundur LS skorar á sjávarútvegsráðherra að gefa handfæraveiðar á ufsa frjálssar þannig að þær teljist ekki til afla- eða krókaafلامarks né viðmiðunar í strandveiðum.

3. Aðalfundur LS samþykkir að koma á frjálsum handfæraveiðum.



Ketill Elíasson Bolungarvík



Fv. Pétur Sigurðsson Árskógssandi, Tryggvi Ársælsson Tálknafirði

#### ➤ Hvalveiðar

LS lýsir stuðningi við áframhaldandi hvalveiðar.

#### ➤ Ívilnun til dagróðrabáta

LS leggur áherslu á að ívilnun nái til allra dagróðrabáta sem róa með línu og handfæri og að LS beiti sér að krafti til að ná þessu fram.

LS krefst þess að beitningavélabátar í krókaafلامarki sem stunda dagróðra með línu fái ívilnun til jafns við þá sem róa með uppstokkaða línu, þ.e. 15%.

#### Greinargerð

Mikillar óánægju gætir meðal eigenda þessara báta með að sitja einir eftir varðandi ívilnun til línubáta í smábátakerfinu. Nauðsynlegt er að LS beiti sér af hörku í þessu máli.

#### ➤ Kjaraviðræður

LS leggur til að kjaraviðræðum verði framhaldið.



Frá fundi í allsherjarnefnd

### ➤ Krókaaflamarkskerfið

LS samþykkir að standa vörð um krókaaflamarkskerfið.

LS ályktar að hafin verði umræða um stækkun krókaaflamarksbáta upp að 15 m að mestri lengd.

Landssamband smábátaeigenda LS hvetur alla smábátaeigendur til að standa saman í baráttunni fyrir



Fv. Heiðrún Jónsdóttir Akureyri, Jón Kristjánsson Akureyri, Pétur Sigurðsson, Einar Þorsteinn Pálsson Árskógssandi

réttindum sínum í einum heildarsamtökum.

LS leggur til að breyting verði gerð á félagsgjöldum þannig að sett verði 500.000 kr. hámark á bát og 1.000.000 kr. hámark á hvert fyrirtæki. Einnig verði stjórn LS falið að leggja fram tillögur um frekari breytingar á félagsgjöldum og kynna þær fyrir félagsmönnum.

LS samþykkir að kanna með útgáfu félagskorts eins og mörg félagasamtök gera sem í framhaldi gætu nýst sem afsláttarkort og til sönnunar þess að menn séu félagar í LS.

### ➤ Lánamál

Áhersla er lögð á að ekkert verði gefið eftir í sambandi við lánamál smábátaeigenda.

### Greinargerð

Krafa um að lán smábátaeigenda fái sömu meðhöndlun og lán hjá öðrum útgerðarflokkum.

➤ **Leiga aflaheimilda**

Landssamband smábátæigenda hafnar allri ríkisleigu á aflaheimildum.

➤ **Loðnuveiðar**

LS leggur til að dregið verði úr loðnuveiðum til að auka æti í sjónum.

➤ **Lúðuveiðar**

LS mótmælir banni við lúðuveiðum á haukalóð.

*Greinargerð*

Bann við lúðuveiðum með haukalóð er hugdettasem er algjörlega á skjön við hugmynd um að ungvíði þurfi að vernda ef byggja þarf upp veiðistofn. Ekki er vikið að þeirri smálúðu sem dragnótin hefur verið að landa þar sem meðalvigtin er ótrúlega lág. Ennfremur er vísað til greinargerðar LS um málið.

➤ **Makrílveiðar**

LS styður makrílveiðar í íslenskri lögsögu og telur brýnt að auka möguleika smábáta í veiðinni. LS áréttar að makrílþotti verði úthlutað áfram til krókaveiða og beinir því til sjávarútvegsráðherra að færaveiðar á makríl verði heimilar jafnhliða strandveiðum.

➤ **Meðafli**

LS krefst þess að meðafli af löngu og keilu megi vera allt að 10% af afla hvernar veiðiferðar og teljist ekki til kvóta.

LS leggur til að frá og með 1. janúar 2012 verði skylt að hafa skilju sem flokkar meðafli frá uppsjávaraflanum við veiðar með flottrolli.

LS krefst þess að skötuselur verði utan kvóta sem meðafli á grásleppuveiðum.

➤ **Reglugerðarhólf**

LS skorar á Hafrannsóknastofnunina að endurskoða / endurmeta lokun á reglugerðarhólfi á Breiðafirði vegna handfæraveiða.

➤ LS skorar á Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að láta opna hólf á Fljótagrunni fyrir handfæraveiðum. Hólfi þessu var lokað 31.08.2010 með reglugerð nr. 678/2010 fyrir línu- og handfæraveiðum.



fv. Steinn Rögnvaldsson Hrauni, Hilmar Zophaniasson Siglufirði Páll Arnarson, Kristján Möller



fv. Árni Jón Sigurðsson Seyðisfirði, Friðþjófur Jóhannsson Reykjavík

➤ LS tekur undir kröfu Reykjaness að svæði vestur úr Sandgerði og suður af Grindavík verði lokað fyrir botntrolli allt árið.

➤ LS mótmælir öllum reglugerðarhólfum fyrir línuveiðum út af Suðausturlandi og mun beita sér að krafti fyrir þessu.

*Greinargerð*

Reglugerðarhólfir eru út af smákeilu.

Leggjum við til að stærðarmörk á keilu verði lækkuð svo það sé hægt að stunda línuveiðar frá Hornafirði með góðu móti.

➤ LS krefst þess að sjávarútvegsráðherra nemi úr gildi reglugerð nr. 970 frá 13. desember 2010 um bann við línuveiðum á Húnaflóa.

*Greinargerð*

Reglugerðin tekur yfir mjög stórt veiðisvæði í vestanverðum Húnaflóa, sem er mikilvæg veiðislóð fyrir smábáta við Húnaflóa.



Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Halldór Ármannsson Keflavík



Arthur Bogason, Guðmundur Halldórsson Bolungarvík



Arthur Bogason, Garðar Berg Guðjónsson Reykjavík

Reglugerðarlokunin er því mjög íþyngjandi fyrir útgerðir við flóann. Að mati Stranda var reglugerðin sett á hæpnum forsendum sem byggðust mest á illdeilum milli veiðieftirlitsmanna Fiskistofu og skipstjóra Sighvats GK.

➤ Félagar í Ströndum telja það út í hött að láta byggðir við Húnaflóa gjalda fyrir.

➤ LS leggur til að opnun hólfa fyrir togveiðum í ágúst verði hætt N og NA-við Horn.

#### ➤ Rekstrarskilyrði

LS skorar á stjórnvöld að skapa smábátaútgerð eðlileg rekstrarskilyrði sem fyrst.

#### ➤ Sameining ráðuneyta

LS telur mikilvægi sjávarútvegsmála fyrir þjóðina gríðarlegt og því ekki tímabært að leggja ráðuneytið niður og sameina við atvinnuvegaráðuneyti.

#### ➤ Samningaleið

LS samþykkir að vinna með sjávarútvegsráðherra að nýju frumvarpi um stjórn fiskveiða sem byggir á samningaleið.

#### ➤ Siglingastofnun

LS skal koma á viðræðum við Siglingastofnun um að birta á netinu þau skip sem eru á sjó hverju sinni, sambærilegt og gert er á vefsíðunni [marinetraffic.com](http://marinetraffic.com).

#### ➤ Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Landssamband smábátaeigenda lýsir fullum stuðningi við Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem tekið hefur ákvarðanir sem hleypt hefur lífi í sjávarbyggðir landsins.

#### ➤ Sjómannaafsláttur

LS ítrekar áður framkomnar tillögur 26. aðalfundar um sjómannaafslátt:

LS mótmælir harðlega afnámi sjómannaafsláttar og krefst þess að lög þar um verði færð til fyrra horfs.

*Landssamband smábátaeigenda 2010-2011*





Stjórn LS, framkvæmdastjóri og áheyrnarfulltrúi. Fv. Örn Pálsson framkvæmdastjóri, Arthur Bogason formaður, Már Ólafsson Hólmavík, Rögnvaldur Einarsson áheyrnarfulltrúi Akranesi, Halldór Ármannsson Keflavík, Jól Andersen Vestmannaeyjum, Arnar Þór Ragnarsson Höfn, Ólafur Hallgrímsson, Borgarfirði eystra, Guðmundur Elíasson Akranesi, Tryggvi Ársælsson Tálknafirði, Einar Sigurðsson Raufarhöfn, Þorvaldur Garðarsson Þorlákshöfn, Pétur Sigurðsson Árskógssandi, Ketill Elíasson Bolungarvík, Alexander F. Kristinsson Rífi, Jón Höskuldsson Álftanesi, Þorvaldur Gunnlaugsson Kópavogi, Sverrir Sveinsson Siglufirði.

### ➤ Slægingarprósenta

LS samþykkir að hafna öllum hugmyndum til breytinga á slægingarprósentu bolfiska í 10% úr 16% og aðgerðum stjórnvalda til að þvinga dagróðrabáta til að slægja afla um borð í óþökk fiskkaupenda. Fyrirhuguð breyting er aðfór að dagróðrabátum og byggðum sem byggja á útgerð þessara báta.

### ➤ Strandveiðar

Landssamband smábátaeigenda styður strandveiðar.

### ➤ Tegundatilfærslur

LS skorar á sjávarútvegsráðherra að auka nú þegar tegundatilfærslu hjá smábátum.

### ➤ Tryggingamál

LS leggur til að allir bátar séu tryggðir á sjó fyrir tjóni sem þeir valda þriðja aðila líkt og allir bílar eru

tryggðir ábyrgðartryggingu í umferðinni.

Dæmi eru um að bátar fái haffærissskírteini en séu einungis með áhafnartryggingu.

### ➤ Veiðigjald

LS mótmælir álagningu veiðigjalds ofan á leiguverð skötusels sem leigður er af ríkinu.

### Greinargerð

Nú er auglýstur skötuselskvóti til leigu hjá ríkinu á 176 kr/kg, lokaverðið miðað við slægt og með veiðigjaldi er þá komið yfir 200 kr sem er um 50% af aflaverðmætinu. Útilokað er annað en svo há leiga dragist frá við hlutaskipti.

Þá er einnig mótmælt að veiðigjald sé einnig innheimt á kvóta sem næst ekki.

### ➤ Þyrlukaup

LS styður hugmyndir um þyrlukaup sem fjármagnaðar verða með láni frá lífeyrissjóðunum.



# Stjórn Landssambands smábátæigenda 2011 - 2012

## Stjórn

Arthur Bogason formaður	Reykjavík
Pétur Sigurðsson varaformaður	Árskógssandi
Alexander F Kristinsson	Rifi
Arnar Þór Ragnarsson	Hornafirði
Einar Sigurðsson	Raufarhöfn
Guðmundur Elíasson	Akranesi
Haldór Ármannsson	Keflavík
Jóel Andersen	Vestmannaeyjum
Jón Höskuldsson	Álftanesi
Ketill Elíasson	Bolungarvík
Már Ólafsson	Hólmavík
Ólafur Hallgrímsson	Borgarfirði eystra
Sverrir Sveinsson	Siglufirði
Tryggvi Ársælsson	Tálknafirði
Þorvaldur Garðarsson	Þorlákshöfn
Þorvaldur Gunnlaugsson	Kópavogi

## Áheyrnarfulltrúi

Rögnvaldur Einarsson	Akranesi
----------------------	----------

## Félagslegir endurskoðendur

Gísli Ólafsson	Grundarfirði
Sigfús Jóhannesson	Grímsey

**LANDSSAMBAND**  
*smábátæigenda*

